
Morgunblaðið/Ásdís



Kabakov-hjónin vinna með ævintýraheim Andersens.



Nýju fötin keisarans og textar eftir Kierkegaard eru ofin í teppi Kosuths.

Allt um Andersen

H.C. Andersen er innblástur innsetninga sem þrír mikilsmetnir samtímalistamenn, Joseph Kosuth og hjónin og samstarfsmennirnir Ilya og Emilia Kabakov, sýna á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsinu. Sýningin verður opnuð í dag, þegar 201 ár er liðið síðan ævintýraskáldið fæddist í Óðinsvéum á Fjóni. Listamennirnir þrír eru komnir hingað til lands til að fylgja sýningunum eftir og hitti **Inga María Leifsdóttir** þau að máli í vikunni.

Morgunblaðið/Ásdís



Ilya og Emilia Kabakov. Hugmyndin að baki verki þeirra er sú að áhorfandinn geti séð heim Andersen frá ýmsum hliðum.

Morgunblaðið/Sverrir



Joseph Kosuth er stoltur af að konur gátu í auknum mæli orðið myndlistarmenn eftir að konseptlistin ruddi sér til rúms.

Joseph Kosuth og Kabakov-hjónin teljast til frumkvöðla innan samtímalistarinnar. Joseph Kosuth var einn af máttarstólpum listaheimsins í New York á sjöunda áratugnum, þegar grunnur var lagður að konseptlistinni, og hefur síðan þá verið lifandi goðsögn innan myndlistarheimsins. Það sama má segja um Ilya Kabakov, sem er þekktur sem „faðir Moskvu-konseptsins“ og einn fremsti listamaðurinn sem kom frá fyrrverandi Sovétríkjunum. Síðan 1989 hefur hann starfað með eiginkonu sinni Emiliu að ævintýralegum innsetningum sem hafa heillað sýningargesti allra helstu listasafna heimsins.

Á sýningunni nú vinna Kosuth og Kabakovhjónin með minni sem voru H.C. Andersen hugleikin, en sýningin var opnuð í Nikolaj-nýlistasafninu í Kaupmannahöfn á síðasta ári og er unnin í samstarfi við safnið.

Kosuth og Kierkegaard

Aðspurður um tilurð sýningarinnar segir Kosuth boð hafa komið frá Nicolaj-safninu í Danmörku um að sýna með Kabakov-hjónunum, í tilefni 100 ára afmælis Andersens. „Við Ilya höfðum unnið saman áður, í Varsjá fyrir þó nokkrum árum, að mjög spennandi innsetningu. Þessu sinni ákváðum við hins vegar að gera hvor sitt verkið, og að lokum varð úr að ég gerði tvö verk,“ útskýrir Kosuth. „Fyrsta hugmyndin var að stefna saman á einhvern hátt hugmyndum Andersens og heimspekingsins Sörens Kierkegaards, sem var harður gagnrýnandi Andersens. Í ljós kom að rýmið sem ég hafði til umráða í Danmörku var gömul kirkja, og veggpláss þar af leiðandi takmarkað. Gólfið varð því að vera minn meginsýningarstaður og þannig kviknaði hugmyndin um teppið.“

Um er að ræða sérstaklega ofið, risastórt teppi sem þekur nánast allan vestursal Kjarvalsstaða, sem fengið hefur heitið *Auðþekkjanleg ólíkindi*. Kosuth segir reyndar að þessi ráðstöfun hafi ekki verið sér neitt á móti skapi, enda snúist verk sín frekar um hugmyndafræði en framsetningu. Kosuth ákvað að byggja verkið á sögunni *Nýju fötin keisarans*, sem hefur ýmsar skírskotanir í hans eigið líf; hún var uppáhaldssaga hans sem barns og auk þess var hann sjálfur kallaður keisarinn af blaðamönnum í upphafi 7. áratugarins sem ekki líkaði listsköpun hans. Eftir að lesa heimspeki Kierkegaards ofan í kjölinn fann Kosuth síðan setningar og hugmyndir sem studdu sögu Andersens, þrátt fyrir meinta neikvæðni heimspekingsins í garð verka Andersens. „Ég óf þetta saman, ef svo má segja. Mér fannst þetta rétt afmælisgjöf handa Andersen, sem var algjörlega eyðilagður eftir harðorða krítík Kierkegaards, að fá í raun jákvæða umsögn hans að lokum,“ útskýrir Kosuth.

Hitt verkið, sem staðsett er í Hafnarhúsinu, byggist á einskonar spurningum og svörum; skoðunum Andersens sjálfs á hvar hann vildi helst búa eða eftirlætis-persónueinkennum, svo dæmi séu nefnd, er þar stillt saman í neonljósastöfum upp um allar hæðir í opna rýminu í Hafnarhúsinu, bæði á dönsku og ensku.

Verkið er byggt á handriti þar sem Andersen sjálfur taldi upp ýmsa uppáhaldshluti sína og karaktereinkenni. „Hann kallaði þennan lista sjálfsmynd,“ útskýrir Kosuth, sem segist afar ánægður með útkomuna í Hafnarhúsinu. „Þetta er mjög fallegt rými, og mér finnst safnið reyndar á heimsmælikvarða hvað varðar ytri eiginleika þess. Mér finnst algjör martröð að það eigi að byggja hér fyrir framan, og skyggja þannig á útsýni sem arkitektinn hafði greinilega í huga við byggingu hússins. Það verður að hætta við þessar framkvæmdir, í virðingarskyni við arkitektinn sem hannaði það. Þetta er borgarlistasafn og mikilvæg stofnun sem slík. Hana verður að virða.“

Markaðurinn ekki ráðandi afl

Kosuth segist venjulega ekki vera hrifinn af ferðasýningarforminu, eins og sýningin sem hér um ræðir vissulega er. Það helgist að mestu af því að hann vill gjarnan laga verkin að rýminu hverju sinni, ekki einungis útlitslegum þáttum þess heldur einnig sálfræðinni sem liggur þar að baki. „Ég samþykkti að taka þátt í þessari sýningu þar sem Ísland er jú eitt af Norðurlöndunum og H.C. Andersen er mikilvægur þáttur í menningarsögu ykkar. En venjulega vil ég frekar tengja algjörlega við þann stað sem ég sýni á. Sem betur fer henta neonverkin mjög vel í þennan hluta safnsins sem ég hef fengið til afnota, og ég hef lagað uppsetningu þeirra að honum,“ segir hann.

Þetta er í fyrsta sinn sem Joseph Kosuth sýnir á Íslandi, og segir hann þessi verk sín, sem Íslendingum gefst nú tækifæri til að berja augum, gefa ágætt dæmi um listsköpun hans.

„Spurningin sem ég hef alla tíð haft að leiðarljósi í listsköpun minni er ekki hvernig maður skapar list, heldur hvers vegna maður skapar hana,“ segir Kosuth og leggur áherslu á ábyrgð myndlistarmanna í listsköpun. „List er ekki skreyting, hún verður að hafa eitthvað að segja. Og markaðurinn á ekki að vera ráðandi afl í myndlistarheiminum, og þaðan af síður gefa listsköpun merkingu.“

Sá árangur sem Kosuth segist einna stoltastur af í tengslum við starf sitt er sú staðreynd að konur gátu í auknum mæli orðið myndlistarmenn eftir að konseptlistin ruddi sér til rúms. „Skýringin liggur í því að sú hugmynd var viðtekin allt fram til þess að hún kom til sögunnar, að myndlistarmaðurinn væri einhvers konar spámaður; Kristur. Og það er mjög erfitt fyrir konur að leika Jesú. Eftir að við snerum okkur frá þessari viðteknu hugmynd expressjónismans – að hver einasti litli dropi væri undraverk út af fyrir sig